Siðmennt

Félag siðrænna
húmanista á Íslandi

Hallveigarstöðum
Túngötu 14
101 Reykjavík
sidmennt@sidmennt.is
sidmennt.is

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. maí 2017

Efni: Umsögn Siðmenntar um þingsályktun um heimspeki sem skyldufag í grunn- og framhaldsskólum. 146. löggjafarþing 2016 - 2017. Þingskjal nr. 548. - 415. mál.

Álit Siðmenntar:
Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi, hvetur Alþingi til þess að samþykkja þingsályktunina.

RÖKSTUÐNINGUR:
Þegar þingsályktunin var lögð fram árið 2012 sendi Siðmennt inn umsögn sem hvatt þingmenn til að samþykkja hana.

Við þá umsögn er þessu við að bæta:

Í greinagerð sinni segja flutningsmenn:
„Á 141. löggjafarþingi var samsvarandi þingmál sent til umsagnar og var tillögunni vel tekið. Í umsögnum var m.a. hvatt til þess að hugað yrði að möguleikum kennara á öllum skólastigum til endurmenntunar á sviði heimspeki og heimspekikennslu auk þess sem menntun í heimspeki yrði ríkur þáttur kennaramenntunar í framtíðinni. Þá var vísað til þess að heimspekikennsla í skólum styddi það markmið að efla gagnrýna hugsun og siðferði."

Lykilatriði þess að vel takist til er að núverandi kennarar fái endurmenntun til þess að geta sinnt kennslu í heimspeki og að framtíðar kennaramenntun innihaldi kennslu í faginu.

Aðalatriðið er að ekki er hægt, við núverandi aðstæður, að innleiða

heimspekikennslu þar sem kennarar eru ekki í stakk búin að takast á við verkefnið. Tryggja verður því að hægt verði að innleiða heimspekikennslu á næstu 5-10 árum.

Heimspekikennsla hefur verið stunduð í örfáum skólum á undanförnum áratug og hafa vinsældir hennar vaxið mjög hratt. Afar æskilegt er að heimspeki verði hluti af skyldunámi. Að börn tileinki sér gangrýna hugsun á alltaf vel við og er grundvöllur að betra samfélagi.

Fulltrúi Siðmenntar er ávallt reiðubúinn að ræða innihald umsagnarinnar ef eftir því er óskað.

F. h. Siðmenntar

Bjarni Jónsson
Framkvæmdastjóri